2. Breyting á deiliskipulagi í Ásum, Hraunsholti í Garðabæ við Klettás 19-23.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. mars 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 19-23 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður lítillega í SV-horni lóðarinnar og bílastæði færast til.

Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 13. mars 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

Nr. 240 12. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í viðauka II, sbr. reglugerðir nr. 779 23. desember 1998 og nr. 917 30. desember 1999, orðist svo:

Til 30. september 2001 er heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirkni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Nr. 241 15. mars 2001

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Austur-Héraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal fyrst greiða fyrsta heila almanaksárið eftir að byggingafulltrúi hefur staðfest fokheldi mannvirkis.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld í Egilsstaðabæ nr. 469/1977, sbr. reglugerð nr. 372/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 2001.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

16. mars 2001 Nr. 242

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 64, 2. febrúar 1998, um þorskfisknet.

1. gr.

A-liður 2. mgr. 1. gr. orðist svo: Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er réttvísandi 225° að Þormóðsskeri og þaðan um Hellnagölt til lands. Þó eru þorskfisknetaveiðar heimilar á tímabilinu frá 15. september til 31. mars norðan línu, sem dregin er úr Hellnagelti réttvísandi 53° að Búðahrauni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. mars 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.